

Erindi frá Áka Guðmundssyni f.h. Bergholts 1 ehf

Hann óskar eftir breytingum á lóðarmerkjum þar sem hann er að lenda í vandræðum með að koma fyrir lögnum m.a. vegna þess hve stutt er niður á klöpp þar sem þær voru fyrirhugaðar. Hann óskar eftir því að lóðin verði stækkuð um 15 metra til norðausturs en jafnframt þá að eldri lóðastækkun sem samþykkt var, verði felld úr gildi.


Framkvæmdir standa nú yfir og vinnuvélar á svæðinu

Póstur frá Áka er hér fyrir neðan

Við þurfum að fara sem nemur 12 til 15 metrum til norðausturs. Tildrög þessa er að þegar við grófum fyrir slinky pípunum okkar og komum rétt niður fyrir húsið þá komum við á klöpp og ætluðum þá að beygja til suðvesturs á okkar eigin lóð þá sagði píparinn okkar að það mættum við ekki því þá færum við yfir skólplagnirnar hjá okkur svo nú voru góð ráð dýr svo við þurfum að fá að fara sem nemur 15 metrum til norðurs með pípunar.

Sæki hér með um þessa stækkun eða leyfi til að fara með pípunar inn á lóðina á 100 - 120 cm dýpi. Við munum að sjálfsögðu ganga frá öllum ummerkjum eftir okkur og jafna lóðina við núverandi lóð.

Hér fyrir neðan er mynd sem útskýrir þessa breytingu



Arnar Birgir Ólafsson, skipulagsráðgjafi Langanesbyggðar